

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Ingangur:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 11. október 2019. Með stefnunni, sem gildir til ársloka 2025, var samþykkt aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Nú þegar rúm tvö ár eru liðin frá samþykkt stefnunnar er talin þörf á að endurskoða aðgerðirnar. Að baki þeirri ákvörðun liggja niðurstöður stöðumats frá desember 2021 á aðgerðaáætluninni og niðurstöður úttektar á fjölda og stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir í október 2021

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða aðgerðaáætlun með stefnunni í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaáætluninni.

Verkefni:

1. Greina húsnaðisþarfir heimilislausra á grundvelli úttektar um heimilisleysi í Reykjavík í október 2021.
2. Gera tillögur að húsnaðisáætlun fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir með sérstaka áherslu á þarfir kvenna.
3. Greina stöðu heimilislausra kvenna sem fá þjónustu, s.s. í Konukoti, í úrræðum á borð við „húsnaði fyrst“ (H 121) eða búa sjálfstætt og gera tillögur að þjónustu.
4. Greina þörf á hjúkrunarrýmum og annarri heilbrigðisþjónustu fyrir heimilislausra og leggja fram tillögur.
5. Leggja mat á þörf hópsins fyrir virkni og gera tillögur að virkniúrræðum.
6. Leggja fram áfangaskipta og kostnaðarmetna aðgerðaráætlun.
7. Kanna leiðir til aukinnar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir.

Stýrihópurinn skipa:

Tveir kjörnir fulltrúar meirihluta velferðarráðs, þ.á.m. formaður velferðarráðs.

Einn kjörinn fulltrúi minnihluta velferðarráðs.

Tveir fulltrúar velferðarsviðs, þ.á.m. starfsmaður hópsins.

Vinnutilhögun:

Formaður leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið

sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við endurskoðunina, s.s. teymi árangurs og gæðamats og skrifstofu fjármála- og rekstrar.

Til ráðgjafar, samtarfs og samráðs:

Í starfi sínu skal hópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi og efna til samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum, s.s. Rótinni, Samhjálp, Hjálpræðishernum, Hjálparstarfi kirkjunnar, Rauða krossinum o.fl.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfar á tímabilinu desember - mars 2022.

Reykjavík, xx desember 2021

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri